

Tillaga	A 2050/UHN
Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin

## A 2050/UHN Þingmannatillaga um öryggi fræja

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að hún hafi forgöngu um að norræn áætlun um öryggi fræja verði liður í vörnum og viðbúnaði á sviði matvælaframleiðslu, í samræmi við markmið Karlstadsyfirlýsingarinnar um norrænt samstarf um viðbúnað og áreiðanleika við fæðuöflun, og lögð verði sérstök áhersla á að
- löndin verði síður háð innflutningi á útsæði en nú er,
  - öflun fræja verði í ríkara mæli aðlöguð svæðisbundnum og norrænum þörfum,
  - og fjölbreytni og samhæfing fræöflunar í neyð og vegna röskunar á ræktun verði aukin.
- að hún sjái til þess að fræöflun verði skipulega felld inn í norrænar spár um hugsanleg neyðartilvik og aukinn viðbúnað, þar á meðal í sameiginlegar úttektir á veikleikum í aðfangakeðjum, samþjöppun á markaði og hvort löndin séu háð utanaðkomandi aðilum, í því skyni að tryggja athafnafrelsi í framleiðslu matvæla við neyðaraðstæður.
- að hún skilgreini og þróa hlutverk norrænu erfðaauðlindastofnunarinnar NordGen með skírskotun til öryggis fræja með því að tryggja henni úrræði og umboð til að
- varðveita og þróa tegundir sem henta aðstæðum á Norðurlöndum og hafa sérstaka þýðingu fyrir viðbúnað á sviði fæðuöflunar,
  - vera miðstöð þekkingar og samhæfingar varðandi fræöflun og viðbúnað,
  - og stuðla að samvinnu norrænna og innlendra aðila án þess að rýra ábyrgð landanna sjálfra á viðbúnaði.
- að hún búi svo um hnútana að norræn viðleitni til að bak tryggja öryggi fræja verði augljós viðbót við rannsóknar- og nýsköpunarverkefni sem þegar eru hafin og að hún takmarkist við málefni sem varða viðbúnað, aðfangaöryggi og samfélagsþrótt fremur en grunnrannsóknir og plöntukynbætur sem slíkar.



að hún fylgi fram Karlstadsyfirlýsingunni og anda hennar í öllu frekara viðbúnaðarstarfi með því að skilgreina fræ og útsæði beinlínis sem ómissandi íhlutavörur í framleiðslu og gera grein fyrir því með hvaða hætti staðið er að öryggi fræja við framkvæmd norrænna samstarfsáætlana og viðbúnaðaraðgerða á sviðinu.

## Bakgrunnur

Fræ eru grundvallarforsenda matvælaframleiðslu og jafnframt lykilþáttur í því að samfélög geti séð sér fyrir fæðu til langs tíma. Án aðgangs að útsæði er hvorki hægt að halda uppi matvælaframleiðslu né hefja hana á ný eftir kreppu, þrátt fyrir framboð á jarðnæði, mannafla og öðrum aðföngum. Öflun fræja er því meira en landbúnaðar- og umhverfismál eitt og sér, hún er burðarás fæðu- og samfélagsöryggis.

Ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum samþykktu Karlstadsyfirlýsinguna árið 2024 um nána samvinnu landanna um viðbúnað og seiglu á sviði aðfangaöryggis og skógræktar. Yfirlýsingin er mikilvæg pólitísk stefnumörkun sem staðfestir þörfina á efldu norrænu samstarfi til að takast á við kreppur í framtíðinni, vernda aðfangakeðjur og auka viðnámsþrótt matvælakerfa.

Eigi að síður er svigrúm til nánari útfærslu á Karlstadsyfirlýsingunni. Sérstaklega á það við um fræöflun sem mikilvægan þátt í framleiðslu og mögulegan flöskuháls sem aðeins er vikið að óbeint. Umráð fræverslunar heimsins hafa á síðustu áratugum safnast á hendur fárra alþjóðlegra fyrirtækja, samhliða því sem norrænu löndin hafa í mismiklum mæli dregið úr eigin ræktun á útsæði. Í kjölfarið hafa myndast kerfislægir veikleikar sem versna af völdum loftslagsbreytinga, spennu í alþjóðamálum og röskunar á alþjóðaviðskiptum.

Öfgaveður tengt loftslagsáhrifum, áður óþekktir plöntusjúkdómar og breyttar ræktunaraðstæður auka enn þörfina fyrir erfðafræðilega fjölbreytni og tegundir sem henta aðstæðum á hverjum stað. Aukin óvissa í öryggismálum kallar jafnframt á að unnt sé að aðlaga matvælaframleiðslu og hefja hana á ný á raunastund. Í þessu ljósi er aðgangur að útsæði ekki tæknilegt smáatriði heldur eitt helsta bjargræði samfélaga.

NordGen og norrænt samstarf um erfðaauðlindir hafa lagt mikilvægan grunn að loftslagsaðlögun og viðnámsþrótti til langs tíma. Hitt er annað mál, hvernig gæta skuli fræöryggis í framkvæmd, það er að segja hvernig aðgengi að útsæði verði tryggt fyrir og á neyðartímum. Hingað til hefur það álitamál haft takmarkað vægi í skipulagningu viðbúnaðar og stefnumótun um heildarvarnir.

Norræn áætlun um öryggi fræja á grunni Karlstadsyfirlýsingarinnar væri eðlilegt næsta skref í samstarfinu um viðbúnaðarmál á Norðurlöndum. Með því að samþætta erfðaauðlindir, framleiðslu og viðbúnað á sviði aðfangaöryggis geta Norðurlönd eftt



mót-stöðuafli sitt og búið svo um hnútana að aðgangur að fræjum verði ekki veikasti hlekkurinn, sverfi fæðuskortur að í framtíðinni. Þannig yrðu almennar áherslur yfirlýsingarinnar að raunhæfum viðbúnaði og hagnýtum aðgerðum sem styrkja norræna seiglu.

Ósló, 16. apríl 2026 kl. 00:00

*Sandra Sigurðardóttir (V)*  
*Krista Mikkonen (grænum)*  
*Rebecka le Moine (MP)*  
*Oda Indgaard (MDG)*  
*Eva Biaudet (sfp)*  
*Kjell-Arne Ottosson (KD)*  
*Markku Siponen (cent)*  
*Geir Inge Lien (Sp)*

*Jouni Ovaska (cent)*  
*Lars-Christian Brask (LA)*  
*Halla Hrunn Logadóttir (F)*  
*Johan Dahl (Sb)*  
*Sandra Listerby (Lib)*  
*Catarina Deremar (C)*  
*Jonas Andersen Sayed (KrF)*